

## Mótun þjónustustefnu KÍ

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 felur stjórn KÍ að móta þjónustustefnu fyrir Kennarasamband Íslands og Kennarahúsið. Í þjónustustefnu verði tillögur ParX og ákvarðanir stjórnar í framhaldi af þeim útfærðar nánar og settar upp með skýrum hætti.

Þingið leggur áherslu á að með þessu móti verði til skýr rammi um þá þjónustu sem KÍ, félögin og sjóðirnir veita. Í þjónustustefnu skal koma fram hvaða þjónusta er í boði varðandi hvern þátt í starfseminni, hvar hægt er að nálgast upplýsingar um þjónstuna og hver er ábyrgur fyrri hverjum þætti hennar.

Þingið mælist til að hugmyndir og niðurstöður úr málstofum á þinginu verði hafðar til hliðsjónar við mótun þjónustustefnu eftir því sem við á.